

Fundur með lögreglu í Fjallabyggð

Málsaðili : Steinunn H Marteinsdóttir
Tengiliður :
Dagsetning : 15.02.2018
Númer : 1709086
Flokkur : 13.01.00 Almenn

Efni : Undirritaður átti fund með Sigurbirni Þorgeirssyni lögreglumanni í Fjallabyggð varðandi öryggi við gatnamótin, Aðalgata - Norðurgata. Búið er að breyta úr biðskyldu í stöðvunarskyldu á Norðurgötu. Sigurbjörn benti á að ef setja ætti spegil við gatnamótin þá þyrfti að breyta þeim aftur í biðskyldu þar sem spegill myndi hvetja menn til þess að stoppa ekki við gatnamótin. Hann benti líka á að gott væri að bæta við stöðvunarskyldumerki hinu megin við götuna og þannig vekja betur athygli að það sé stöðvunarskylda við gatnamótin. Hann taldi að hvor leiðin sem væri farin myndi veita eins mikið öryggi og hægt væri. Ekki var því tekin afstaða til hvort hentaði betur, biðskylda með spegil eða stöðvunarskylda.

Ármann Viðar Sigurðsson
Deildarstjóri tæknideildar